Nr. 13.
3. oktbr.

Lög

um

eptirlaun prestekkna.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þær konur, er hjer á eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 6. grein, hafa rjett til að fá í eptirlaun 1/10 hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem þá er í gildi; þó mega eptirlaunin aldrei nema minna en 100 krónum.

2. grein.

Þá er tekjur brauðsins nema 1200 kr. eða meiru, greiðast eptirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti úr landssjóði.

3. grein.

Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó að eins af brauðinu eptirlaun einnar, en eptirlaun hinna úr landssjóði.

4. grein.

Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, hefur eptir reglum þeim, er áður giltu, fengið rjett til að fá hærri eptirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rjetti. Mismunurinn á stærð eptirlaunanna greiðist úr landssjóði.

5. grein.

Prestekkjur þær, sem engin eptirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess, að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eptirlaunum ár hvert.

6. grein.

Þær ekkjur hafa ekki rjett til eptirlauna, er hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algjörlega slitið á undan dauða mannsins.

Nr. 13.
3die
Oktbr.

Lov

om

Præsteenkers Pension.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Hvo som herefter bliver Enke efter en pensionsberettiget eller pensioneret Præst, skal med de i § 6 anførte Undtagelser have Ret til som Pension at erholde 1/10 af Kaldets Indtægter, saaledes som disse ere fastsatte i den da gjældende Regulering, dog at Pensionen aldrig udgjør et mindre Beløb end 100 Kr.

§ 2.

Naar Kaldets Indtægter udgjøre 1,200 Kr. eller derover, udredes Pensionen af Kaldet; i modsat Fald afholdes den af Landskassen.

§ 3.

Er der flere Enker i et Kald, betales dog kun 1 Enkepension af Kaldet, hvorimod Landskassen udreder de andre Enkepensioner.

§ 4.

Har en Sognepræsts Hustru, som bliver Enke, efter at denne Lov er traadt i Kraft, efter de tidligere gjældende Regler erhvervet Adgang til at erholde højere Pension end den, der vilde tilkomme hende efter nærværende Lovs Forskrifter, beholder hun for sin Person Retten til den højere Pension. Forskjellen mellem Pensionernes Størrelse udredes af Landskassen.

§ 5.

De Præsteenker, som paa den Tid, denne Lov træder i Kraft, paa Grund af Kaldets Fattigdom ikke ere pensionerede, erholde en Pension af 100 Kr. aarlig, der afholdes af Landskassen.

§ 6.

Uberettigede til Pension ere de Enker, hvis Ægteskab er indgaaet efter Mandens 60de Aar eller paa hans Dødsleie, eller efter at han var afskediget, eller hvis Ægteskab var aldeles ophævet inden Mandens Død.

Nr. 13. 3. oktbr.

7. grein.

Þá missast eptirlaun ekkna: 1) er ekkjan giptist aptur; 2) er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs; 3) er hún í 3 ár eigi hefur hirt eptirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll; 4) er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nýju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja, ef hún ekki hefur öðlazt rjett til eptirlauna með hinni seinni giptingu.

8. grein.

Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rjett á samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 að fá hjá stiptsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eptirgjald.

9. grein.

Skylda sú, er samkvæmt konungsbrjefi 5. júní 1750 og tilsk. 3. maí 1743 hvílir á þeim, er fá veitingu fyrir vissum brauðum, til að greiða þóknun til fátækra prestekkna og hins lærða skóla, er úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. október 1884.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 7.

Enkepension ophører: 1) naar Enken indgaar nyt Ægteskab; 2) naar hun tager Ophold i Udlandet uden Kongens Samtykke; 3) naar hun i 3 Aar ikke har hævet Pension uden senere at kunne bevise lovlig Forhindring; 4) naar hun ved Dom findes skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling. Naar Pensionen er ophørt derved, at Enken har indladt sig i nyt Ægteskab, er hun berettiget til atter at faa den samme Pension, naar hun igjen bliver Enke, for saa vidt hun ikke har erhvervet Adgang til Pension ved at indgaa det senere Ægteskab.

§ 8.

Enker efter Præster, der dø i deres Kald skulle være berettigede til i Henhold til Reskript af 5te Juni 1750 at faa af Stiftsøvrigheden anvist som Brugsjord en af de Kaldet tilhørende Kirkejorder imod deraf at svare den sædvanlige Bygselsafgift.

§ 9.

Den Forpligtelse til at betale en Kjendelse til fattige Præsteenker og den lærde Skole, der ifølge Reskript af 5te Juni 1750 og Forordning af 3die Mai 1743 paahviler dem, der befordres til visse Præstekald, ophæves.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1884.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.